

Úthlutunarreglur

fyrir

Orkurannsóknasjóð Landsvirkjunar

1. gr. - Umsóknir

- 1.1. Stjórn Orkurannsóknasjóðs Landsvirkjunar (stjórnin) auglýsir eftir umsóknum í sjóðinn einu sinni á ári hið minnsta. Frestur til að skila inn umsóknum skal ekki vera skemmri en 30 dagar og ekki lengri en 60 dagar.
- 1.2. Umsóknum skal skilað með rafrænum hætti á sérstökum eyðublöðum sem stjórnin lætur útbúa hverju sinni. Öllum fylgiskjölum skal skila inn á rafrænu formi með umsókn.
- 1.3. Umsókn umsækjanda skal vera í samræmi við 2. og 4. gr. stofnskrár sjóðsins og falla undir einn af flokkum sjóðsins til að teljast gild.
- 1.4. Stjórnin gerir kröfu um að umsækjandi skýri möguleg umhverfisáhrif af rannsóknarverkefninu ef við á og leggi fram áætlun um mótvægisáðgerðir.
- 1.5. Stjórnin getur óskað eftir nánari upplýsingum frá umsækjendum en fram koma í umsókn.
- 1.6. Stjórninni er heimilt að leita sérfræðipækkingar í störfum sínum, telji hún þörf á, enda ríki fullur trúnaður um þær upplýsingar sem öðrum eru veittar.
- 1.7. Stjórnin úthlutar styrkjum að minnsta kosti einu sinni á ári.

2. gr. – Flokkur A: Styrkir til nemenda í meistara- eða doktorsnámi

- 2.1. Styrkjum er ætlað að hvetja efnilega nemendur til að hefja nám á sviði umhverfis- og orkumála og að veita þeim viðurkenningu sem þegar hafa sýnt góðan árangur í meistara- eða doktorsnámi. Styrkir til að kosta námið sem hluta af stærra rannsóknarverkefni falla hins vegar undir flokk B í úthlutun sjóðsins. Auglýst verður eftir umsóknum þar sem umsækjendur gera grein fyrir námsárangri sínum og því rannsóknarverkefni sem þeir hyggjast fást við í meistara- eða doktorsnámi sínu. Stjórnin ákveður styrkveitingar og styðst við mat óháðra fagaðila ef hún telur það nauðsynlegt.
- 2.2. Styrkir í flokki A eru án viðmiðunar við útlagðan kostnað við styrkt verkefni.

- 2.3. Stjórninni er heimilt að hvetja í auglýsingu til umsókna um rannsóknarverkefni á tilteknum fræðasviðum.
- 2.4. Við mat á umsóknum skal stjórnin líta til námsferils umsækjanda, hversu vel áætlað nám og verkefni falla að tilgangi og markmiðum sjóðsins og hversu líklegt verkefnið er til að afla nýrrar þekkingar.
- 2.5. Stjórn sjóðsins ákveður hverju sinni fjárhæð styrks og greiðslufyrirkomulag hans. Binda má greiðslur ákveðnum skilyrðum.

3. gr. – Flokkur B: Rannsóknir á sviði umhverfis- og orkumála

- 3.1. Auglýst er eftir umsóknum frá háskólum, stofnunum, fyrirtækjum og einstaklingum um styrki úr þessum flokki. Styrkir eru veittir til hluta þess kostnaðar sem hlýst af vinnu sérfræðinga, þátttöku meistara- og doktorsnema, og öðrum útgjöldum sem verkefnið þarfnast. Stjórnin ákveður styrkveitingar og styðst við mat óháðra fagaðila ef hún telur það nauðsynlegt. Gera má ráð fyrir að veitt verði vilyrði fyrir styrk til fleiri ára en eins árs, með fyrirvara um tiltekinn árangur samkvæmt skilgreindri verkáætlun og endurnýjaðri umsókn á hverju ári.
- 3.2. Styrkir í flokki B nema að jafnaði ekki meiru en helmingi útlagðs kostnaðar við styrkt verkefni.
- 3.3. Stjórninni er heimilt að hvetja í auglýsingu til umsókna um rannsóknarverkefni á tilteknum fræðasviðum.
- 3.4. Við mat á umsóknum metur stjórnin hversu vel verkefni fellur að tilgangi og markmiðum sjóðsins og hversu líklegt verkefnið er til að afla nýrrar þekkingar. Litið er til starfsferils umsækjanda, rannsóknarferils, samstarfsaðila umsækjanda og aðstöðu umsækjanda til að sinna verkefninu. Ef styrkupphæð sem sótt er um felur í sér verulegan þátt til launa meistara- eða doktorsnema skal gera grein fyrir reynslu og hæfni leiðbeinanda og námsárangri nemanda ef þeir hafa verið valdir. Jafnframt er litið til trúverðugleika kostnaðaráætlunar verkefnisins og hvort verkefnið njóti styrkja annarra sjóða.

4. gr. – Flokkur C: Almennar virkjunarrannsóknir

- 4.1. Landsvirkjun fer með úthlutanir í flokki C, samkvæmt eigin úthlutunarreglum.

5. gr. - Trúnaður

- 5.1. Stjórn og starfsmenn sjóðsins skulu gæta fulls trúnaðar um þær upplýsingar sem fram koma í umsóknum. Þurfi stjórnin að leita sérfræðiaðstoðar skal það gert með skilyrði um fyllsta trúnað af hálfu ráðgjafa.
- 5.2. Stjórn er heimilt að greina opinberlega frá heiti rannsóknar og nafni styrkþega.

6. gr. - Almennt

- 6.1. Stjórn skal gera samning við styrkþega um tilhögun greiðslu styrks og skuldbindingar styrkþega, svo sem varðandi framvindu-, áfanga- og lokaskýrslur.
- 6.2. Stjórn er heimilt í samningi við styrkþega að skilyrða styrkveitingu því að hlutdeild í tekjustreymi sem skapast vegna verkefnisins eða einkaleyfa á uppgötvunum renni til sjóðsins.

7. gr. – Setning reglna

- 7.1. Reglur þessar eru settar skv. 3. mgr. 3. gr. í Stofnskrá Orkurannsóknasjóðs Landsvirkjunar, dags. 6. nóvember 2008.
- 7.2. Reglum þessum getur stjórn sjóðsins breytt árlega, þó ætíð áður en auglýst er eftir umsóknum hverju sinni.

Reykjavík, 6. nóvember 2008

Í stjórn Orkurannsóknasjóðs Landsvirkjunar:

Stjórnarformaður:
Sveinbjörn Björnsson, eðlisfræðingur

Aðrir stjórnarmenn:
Axel Björnsson, prófessor í Háskólanum á Akureyri
Sigurður Brynjólfsson, prófessor í Háskóla Íslands
Guðrún Gauksdóttir, dósent í Háskólanum í Reykjavík
Óli Grétar Blöndal Sveinsson, forstöðumaður rannsókna Landsvirkjunar Power
Ragnheiður Ólafsdóttir, umhverfisstjóri Landsvirkjunar